

# REGLUR

## um kaupskrárnefnd varnarsvæða.

### 1. gr.

Utanríkisráðherra skipar kaupskrárnefnd til að fjalla um ráðningarkjör og vinnuskilyrði íslenskra starfsmanna varnarliðsins, einkum vinnulaun, launabætur og öryggi við vinnu, sbr. 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum, til fjögurra ára í senn og þremur til vara. Nú kemur til afgreiðslu mál er snertir nefndarmann beint, umbjóðendur hans eða atvinnuhagsmuni, sbr. reglur stjórnisýslulaga um sérstakt hæfi, og víkur hann þá sæti við afgreiðslu máls en varamaður hans tekur sæti.

### 2. gr.

Kaupskrárnefnd skal hlutast til um að laun og önnur starfskjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins séu jafnan eigi lakari en tíðkast á almennum vinnumarkaði samkvæmt viðurkenndum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins í hlutaðeigandi starfsgrein.

### 3. gr.

Þegar um er að ræða starf, sem gildandi kjarasamningar taka ekki til, getur kaupskrárnefnd við ákvörðun launa og annarra starfskjara fyrir umrætt starf, valið viðmiðunarstarf, sem að dómi nefndarinnar er hliðstætt, enda séu ákvæði um síðarnefnda starfið að finna í viðurkenndum kjarasamningi. Slík viðmiðun getur gilt að hluta eða öllu leyti eftir ákvörðun kaupskrárnefndar.

### 4. gr.

Hafi stéttarfélög, faggreinafélög eða sambönd stéttarfélaganna athugasemdir við ákvarðanir kaupskrárnefndar skv. 2. og 3. gr. hér að framan, skulu þau koma þeim á framfæri við kaupskrárnefnd ásamt skriflegri greinargerð þar sem athugasemdir eru rökstuddar. Sama gildir ef hlutaðeigendur telja að umtalsverðar breytingar hafi átt sér stað á starfi, starfs-tilhögun eða öðru sem máli skiptir.

Kaupskrárnefnd skal leita umsagnar starfmannahalds varnarliðsins um erindi sem henni berast samkvæmt þessari grein.

Synji kaupskrárnefnd erindi samkvæmt þessari grein skal nefndin rökstyðja synjun sína.

### 5. gr.

Kaupskrárnefnd kemur saman svo oft sem þörf er á, svo og ef einhver nefndarmanna óskar þess sérstaklega.

Fundarritari, tilnefndur af utanríkisráðherra, bókar fundi kaupskrárnefndar.

Telji kaupskrárnefnd þörf á, í því skyni að upplýsa mál, getur hún boðað á fund sinn fulltrúa hlutaðeigandi stéttarfélagss eða sambands, svo og fulltrúa starfsmannahalds varnarliðsins.

### 6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur kaupskrárnefnd, í samráði við utanríkisráðherra, leitað eftir sérfræðiaðstoð, í því skyni að leiða til lykta ágreiningu eða álitamál.

## 7. gr.

Til afgreiðslu einstakra mála í kaupskrárnefnd þarf samþykki allra nefndarmanna. Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er.

## 8. gr.

Kaupskrárnefnd kemur skriflega á framfæri við utanríkisráðherra upplýsingum um hvaða kjarasamningar skulu gilda á varnarsvæðum á hverjum tíma, svo og um breytingar á þeim.

Utanríkisráðherra kemur formlegri tilkynningu um starfskjör til varnarliðsins.

## 9. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt og með með stoð í lögum nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess og lögum nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl., til að öðlast þegar gildi. Ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 gilda um störf kaupskrárnefndar, með hliðsjón af því er í reglum þessum greinir.

*Reykjavík, 30. desember 1994.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Róbert Trausti Árnason.*